

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2759  
komudagur 20.8.2012

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn sýslumannsins á Seyðisfirði um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum (fækkun lögregluumdæma o.fl.) nr. 90 frá 1996. 739. mál, sbr. þingskjal 1177.**

Undirritaður hefur mótttekið tölvubréf formanns Lögreglustjórafélags Íslands dags. 9. ágúst 2012, þar sem óskað er eftir umsögn hans um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum.

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

#### **a t h u g a s e m d i r**

Undirritaður gerir athugasemdir við þá fyrirætlan í frumvarpinu að færa lögreglustjórn úr höndum sýslumanna úti á landi og telur að eðlilegra sé að sameina sýslumannsembætti og stækka þau.

Undirritaður telur að það sé á margan hátt bæði hagkvæmt og eðlilegt að halda lögreglustjórn áfram í höndum sýslumanna þar sem það er landfræðilega hagkvæmt og rökstyður skoðun sína samkvæmt neðangreindu.

Í fyrsta lagi telur undirritaður að hagkvæmni breytinganna hafi alls ekki verið reiknuð út og telur að breytingarnar feli fremur í sér aukinn kostnað og minni þjónustu sérstaklega úti á landi. Þannig hefur fjárhagsleg greining ekki verið framkvæmd né verið gerðar rekstraráætlanir fyrir hin nýju embætti og því ekki unnt á þessu stigi að leggja mat á fjárhagslegan ávinning af stofnun nýrra embætta lögreglustjóra.

Það er augljós hagkvæmni í því fólgin í dreifbýli að láta sama manninn sinna bæði lögreglustjórn og sýslumannsstörfum. Þetta á sérstaklega við nú um stundir, þegar fjármagn er af skornum skammti. Það er algjörlega fyrirséð að ef leið frumvarpsins verður farin þá mun vera nauðsynlegt að fækka sýslumönnum mjög verulega í framhaldi af þessum breytingum og það mun færa allar ákvarðanir og þjónustu fjær íbúum landsins.

Samkvæmt frumvarpinu verða stofnuð sex ný lögreglustjóraembætti og er mikill kostnaður óhjákvæmilega samfara því. Augljóst er að mörg sýslumannsembætti munu þar missa verulega úr sinni umsýslu, en störfin flytjast á ný embætti lögreglustjóra og þannig mun fjöldi starfa færast frá minni byggðakjörnum til þeirra stærri og á höfuðborgarsvæðið. Ef ætlunin væri að fækka störfum og spara væri annað uppi á teningunum, en þetta eru störf sem þarf að vinna og verða auðvitað unnin eftir sem áður, en bara fjær íbúunum í hinum dreifðum byggðum landsins.

Ljóst er að áhrifin af frumvarpinu verða þau, að eftir sitja mörg tiltölulega lítil sýslumannsembætti, sem stendur jafnvel til að veikja enn frekar í ljósi nýlegrar skýrslu Ríkisendurskoðunar, þar sem látin er í ljós sú skoðun að nauðsyn beri til að gera landið allt að einu innheimtuumdæmi.

Þannig liggur fyrir að mörg sýslumannsembætti verða of lítil til þess að geta veitt

viðunandi þjónustu á sínu svæði. Þetta er auðvitað bagalegt því lögregluembættin verða sum hver líklega bara embætti með einum lögfræðingi, þ.e. lögreglustjórnum sjálfum. Þetta er eins óhagkvæmt og kerfi getur orðið þar sem þá þyrfti á sumum stöðum að stofna sýslumannsembætti fyrir sama landssvæði og það embætti yrði á einstaka stöðum einnig embætti með aðeins einum lögfræðingi þ.e. sýslumanni. Niðurstaðan er því sú versta fyrir íbúana: þjónustan færir fjær þeim og hún verður einnig verri.

Í öðru lagi telur undirritaður að starf sýslumanns og lögreglustjóra sé auðveldlega samrýmanlegt, en undirritaður hefur langa reynslu af því og hefur ekki orðið var við annað en þetta fari ágætlega saman. Þá er einnig möguleiki að deildaskipta stærri sýslumannsembættum þannig að einn af núverandi sýslumönnum gegni starfi lögreglustjóra en annar sýslumannsembættinu. Samhliða þessu yrði rekin deild innan embættisins sem annaðist starfsmannamál, bókhald og innheimtu undir stjórn sýslumanns en lögreglustjóri hefði faglega ábyrgð á rekstri og starfi lögreglunnar. Enn mætti hafa verkaskiptingu lögfræðinga í slíku embætti þannig að ákveðinn fjöldi þeirra annaðist sakamál og færi með ákærvald. Hafa mætti að langtímamarkmiði að fækka í yfirstjórn embættisins eftir því sem yfirmenn færu á eftirlaun og fjölga t.a.m. lögreglumönnum. Hérna er á ferðinni sáræinföld kerfisbreyting sem auðvelt er að koma á og hefur engan aukakostnað í för með sér. Sparnaður næðist síðan með hagræðingu innan þessa kerfis.

Í þriðja lagi vill undirritaður benda á mikilvægi lögreglustjórnar og þess að hún sé nær íbúunum, sérstaklega að því er snertir almannavarnir og bendir í því sambandi á góða reynslu frá eldsumbrotunum í Eyjafjallajökli. Þar kom berlega í ljós að núverandi kerfi virkar afar vel og staðarþekking og nálægð við viðfangsefni skiptir höfuðmáli. Víða á embættunum er búið að byggja upp mikla þekkingu á þessu sviði og er hætta á að sú þekking glatist og jafnframt að boðleiðir lengist og færir fjær hinum raunverulegu atburðum og íbúum áhrifasvæða.

Mikið og náið samstarf hefur verið með lögregluliðunum á Austurlandi hin síðari ár og búið er að fækka verulega í þessum liðum þannig að erfitt er að sjá hvar hægt er að hagræða frekar.

Það er hægt að týna til frekari rök með því að efla og stækka embættin, svo sem færi á frekari sérhæfingu, um leið og starfstöðvar eða útbú sjá áfram um nærþjónustuna.

Loks vill undirritaður benda á að það er alls ekki búið að taka út áhrifin af sameiningu lögregluumdæma frá 2007, sérstaklega hvað snertir þjónustu við íbúa á viðkomandi stöðum.

Er því lagt til að frumvarpið verði dregið til baka og hafin verið undirbúningsvinna við allsherjar endurskoðun á framtíð bæði embætta sýslumanna og lögreglustjóra með það að markmiði að nýta bæði fjármagn og mannafla ríkisins með sem allra bestum hætti til þjónustu við íbúa landsins.

Seyðisfirði, 15. ágúst 2012  
Virðingarfyllst,

  
Lárus Bjarnason,  
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

